

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1161/2005

2008/EES/46/18

frá 6. júlí 2005

um ársfjórðungslega samantekt á ófjárhagslegum reikningum eftir haggeirum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

Því er þörf á ársfjórðungsreikningum eftir haggeirum fyrir Evrópusambandið í heild sinni og fyrir evrusvæðið.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 4) Gerð þessara reikninga er hluti af heildarmarkmiðinu um að koma á kerfi ársreikninga og ársfjórðungsreikninga fyrir Evrópusambandið og evrusvæðið. Kerfið tekur til helstu þjóðhagsstærða og fjárhagslegra og ófjárhagslegra reikninga eftir haggeirum. Markmiðið er að samræma alla þessa reikninga og, að því er varðar reikninga við útlönd, milli greiðslujöfnuðar og gagna um þjóðhagsreikninga.

með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í aðgerðaáætlun um hagskýrslubörf Efnahags- og myntbandalagsins (EMU) sem Efnahags- og fjármálaráðið staðfesti í september árið 2000 er tilgreint að bryn þörf sé á ársfjórðungslegum geiraskiptum reikningum í samandregnu formi og að þeir skuli liggja fyrir eigi síðar en 90 dögum frá lokum viðkomandi ársfjórðungs.
- 2) Í sameiginlegri skýrslu Efnahags- og fjármálaráðsins og leiðtogaráðsins um hagskýrslur og hagnýta evrusvæðisins, sem Efnahags- og fjármálaráðið samþykkti 18. febrúar 2003, er lögð áhersla á að aðgerðir á nokkrum sviðum, þ.m.t. ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar eftir haggeirum, skuli koma til framkvæmda að fullu eigi síðar en árið 2005.
- 3) Til þess að geta greint sveiflur í hagkerfi Evrópusambandsins og fylgt peningamálastefnu innan Efnahags- og myntbandalagsins (EMU) er þörf á þjóðhagslegum hagskýrslum um efnahagslega hegðun og innbyrðis tengsl einstakra haggeira sem ómögulegt er að greina í gögnum sem tekin eru saman fyrir hagkerfið í heild.
- 5) Við samantekt á Evrópuhaggreikningum eftir haggeirum, í samræmi við reglur evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í Bandalaginu, eins og þær eru settar fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2223/96 ⁽³⁾, er nauðsynlegt að aðildarríkin sendi frá sér ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga eftir haggeirum. Evrópuhaggreikningarnir verða hins vegar að endurspegla hagkerfi Evrópusvæðisins í heild og kunna að vera frábrugðnir einfaldri samantekt á þjóðhagsreikningum aðildarríkjanna. Markmiðið er einkum að taka tillit til stofnana og starfseininga Evrópusambandsins sem koma fram í svæðishaggreikningum hlutaðeigandi svæða (innan Evrópusambandsins eða evrusvæðisins, eftir því sem við á).
- 6) Gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 22. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 29.6.2006, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 42, 18.2.2004, bls. 23.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (Stjtið. ESB C 103 E, 29.4.2004, bls. 141), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. mars 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og afstaða Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 (Stjtið. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

- 7) Þar sem aðildarríkin ná ekki nægilega vel markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. um ársfjórðungslega samantekt á ófjárhagslegum reikningum eftir haggeirum fyrir Evrópusambandið og evrusvæðið, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðir eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki framur en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð. Einkum er aðildarríkjum ekki skylt að skila gögnum að öllu leyti sundurliðuðum ef framlag þeirra til samtalna Evrópuhagreiðinga er óverulegt.
- 8) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 9) Samráð hefur verið haft við Hagskýrsluáætlunarnefndina (SPC) sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾, og Hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Með reglugerð þessari er lagður fram sameiginlegur rammi fyrir framlag aðildarríkjanna til ársfjórðungslegrar samantektar á ófjárhagslegum reikningum eftir haggeirum í Evrópuhagreiðingum.

2. gr.

Afhending ársfjórðungslegra ófjárhagslegra reikninga eftir haggeirum

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ársfjórðungslega ófjárhagslega reikninga eftir haggeirum, eins og tilgreint er í viðaukanum, í fyrsta sinn þó ekki liði P.1, P.2, D.42, D.43, D.44, D.45 og B.4G.

2. Tímaáætlun fyrir afhendingu á liðum P.1, P.2, D.42, D.43, D.44, D.45 og B.4G og allar ákvarðanir sem þarfnast sundurliðunar á færslunum sem taldar eru upp í viðaukanum eftir tilsvarende geira skal vera samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Engar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar fyrir en framkvæmdastjórnin hefur lagt skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar skv. 9. gr.

3. Ársfjórðungsgögnin, sem um getur í 1. mgr., skulu afhent framkvæmdastjórninni eigi síðar en 90 almanaksdögum frá lokum ársfjórðungsins sem gögnin taka til. Á þriggja ára aðlögunartímabili, frá því að reglugerð þessi öðlast gildi, skulu ársfjórðungsgögnin, sem vísað er til í 1. mgr., afhent framkvæmdastjórninni eigi síður en 95 almanaksdögum frá lokum ársfjórðungsins sem gögnin taka til. Leiðrétt gögn vegna eldri ársfjórðunga skulu send á sama tíma.

4. Heimilt er að hnika til dagsetningu afhendingarinnar, sem tilgreind er í 3. mgr., um fimm daga hið mesta, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

5. Fyrsta afhending ársfjórðungsgagna skal varða gögn þriðja ársfjórðungs ársins 2005. Aðildarríkin skulu afhenda þessi gögn eigi síðar en 3. janúar 2006. Í þessari sendingu skulu vera gögn fyrri ára fyrir tímabilin frá fyrsta ársfjórðungi ársins 1999.

3. gr.

Kvaðir um skýrslugjöf

1. Öll aðildarríkin skulu senda gögnin, sem lýst er í viðaukanum, með tilliti til geira yfir aðra heimshluta (S.2) og opinbera geirans (S.13). Aðildarríki, þar sem gangverð vergrar landsframleiðslu er að öllu jöfnu hærra en 1% af samsvarandi heild Bandalagsins, skulu senda gögnin sem lýst er í viðaukanum fyrir alla haggeira.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða það hlutfall samantæktar vergrar landsframleiðslu á gangverði sem verg landsframleiðsla aðildarríkisins er að öllu jöfnu, eins og kveðið er á um í 1. mgr., á grundvelli meðaltals nýjustu ársagna síðustu þriggja ára sem aðildarríkin hafa sent.

3. Heimilt er að aðlaga hlutfallið af heildartölu Bandalagsins (1%), sem vísað er til í 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að víkja frá þessari reglugerð ef innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar. Slík frávik skulu ekki vara lengur en í þrjú ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar eða framkvæmdarráðstafana, sem samþykktar er í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

4. gr.

Skilgreiningar og staðlar

Staðlar, skilgreiningar, flokkun og reikningsskilareglur fyrir gögnin, sem send eru, skulu, að því er varðar þessa reglugerð, vera í samræmi við það sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2223/96 (hér á eftir nefnd ESA-reglugerðin).

5. gr.

Uppruni gagna og kröfur um samræmi

1. Aðildarríkin skulu taka saman upplýsingarnar sem krafist er í þessari reglugerð og nota til þess allar þær heimildir sem þau telja eiga við og veita beinum upplýsingum forgang, s.s. gögnum úr stjórnsýsluheimildum eða könnunum á fyrirtækjum og heimilum.

Þegar ekki er hægt að safna þess háttar beinum upplýsingum, sérstaklega að því er varðar gögn fyrri ára sem krafist er í 5. mgr. 2. gr., má senda besta mat.

2. Gögn, sem aðildarríkin senda, að því er varðar þessa reglugerð, skulu vera í samræmi við ársfjórðungsskil ófjárhagslegra reikninga opinbera geirans og ársfjórðungsskil lykilstærða þjóðarbúskaparins í heild sem send eru til framkvæmdastjórnarinnar skv. afhendingaráætlun ESA-reglugerðarinnar.

3. Ársfjórðungsgögnin sem aðildarríkin senda að því er varðar þessa reglugerð skulu samræmast nákvæmlega samsvarandi árgögnum sem send eru skv. afhendingaráætlun ESA-reglugerðarinnar.

6. gr.

Gæðastaðlar og -skýrslur

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gæði gagnanna sem send eru aukist þegar til lengri tíma er litið, til þess að uppfylla almenna gæðastaðla sem skal skilgreina í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni uppfærða lýsingu á heimildum, aðferðum og þeirri tölfraðilegri úrvinnslu sem hefur verið notuð innan árs frá fyrstu gagnasendingunni.

3. Aðildarríkin skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir umtalsverðum breytingum á aðferðafræði eða öðrum breytingum sem gætu haft áhrif á innsend gögn eigi síðar en þremur mánuðum eftir að slíkar breytingar taka gildi.

7. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdarráðstafanir skulu vera í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Í þessum ráðstöfunum skal felast:

- a) að ákvarða tímaáætlun fyrir sendingu á liðum P.1, P.2, D.42, D.43, D.44, D.45 og B.4G skv. 2. mgr. 2. gr.
- b) að krefjast þess að færslurnar sem fram koma í viðaukanum verði sundurliðaðar eftir tilsvareandi geirum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 2. gr.
- c) að endurskoða tímaáætlun fyrir ársfjórðungssendingar skv. 4. mgr. 2. gr.
- d) að aðlaga hlutfall af heildartölu Bandalagsins (1%) til að ákvarða sendingarskyldu fyrir alla haggeira skv. 3. mgr. 3. gr.
- e) að skilgreina gæðastaðla gagna í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

8. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr.

Tímabilið, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

9. gr.

Skýrsla um framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal, innan fimm ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, leggja skýrslu um framkvæmd hennar fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Í skýrslunni skal einkum:

a) veita upplýsingar um gæði þeirra hagskýrslna sem eru gerðar,

b) leggja mat á þann ávinning sem Bandalagið, aðildarríkin og veitendur og notendur hagtöluupplýsinga hafa af gerð hagskýrslna, miðað við kostnað,

c) tilgreina svið þar sem umbóta kann að vera þörf og breytingar sem teljast nauðsynlegar í ljósi fenginna niðurstaðna.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. STRAW

forseti.

VIDAUKI

Sending upplýsinga

		Notkun							Tilföng						
		S1	S1N	S11	S12	S13	S14_S15	S2	S1	S1N	S11	S12	S13	S14_S15	S2
		Þjóðarbúskapur í heild	Óvilttekið hlutfall þjóðarbúskapar í heild	Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki	Hið opinbera	Heimili og sjálfseignarstofnanir sem þjóna heimilum (NPISH)	Aðrir heimshlutar	Þjóðarbúskapur í heild	Óvilttekið hlutfall þjóðarbúskapar í heild	Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki	Hið opinbera	Heimili og sjálfseignarstofnanir sem þjóna heimilum (NPISH)	Aðrir heimshlutar
P.1	Framleiðsla								X		X	X	X	X	
P.2	Aðfanganotkun	X		X	X	X	X								
P.3	Neyslukostnaður	X				X	X								
P.31	Einkaneyslukostnaður	X				X	X								
P.32	Samneyslukostnaður	X				X									
P.5	Fjárfesting	X		X	X	X	X								
P.51	Verg fjármunamyndun	X		X	X	X	X								
P.5N	Breytingar á birgðum og öflun að frádregnum ráðstöfunum á verðmætum	X		X	X	X	X								
P.6	Útflutningur á vörum og þjónustu							X							
P.7	Innflutningur á vörum og þjónustu														X
D.1	Laun og launatengd gjöld	X		X	X	X	X	X	X					X	X
D.2	Skattar á framleiðslu og innflutning	X	X	X	X	X	X		X			X			X
D.21	Skattar á vörur	X	X						X			X			X
D.29	Aðrir framleiðsluskattar	X		X	X	X	X		X			X			X
D.3	Styrkir	X				X		X	X	X	X	X	X	X	
D.31	Vörutengdir styrkir	X				X		X	X	X					
D.39	Aðrir framleiðslustyrkir	X				X		X	X		X	X	X	X	
D.21-D.31	Skattar að frádregnum styrkjum (á vörum)								X	X					

		Notkun							Tilföng						
		S1	S1N	S11	S12	S13	S14_S15	S2	S1	S1N	S11	S12	S13	S14_S15	S2
		Þjódarbúskapur í heild	Ótiltekið hlutfall þjódarbúskapar í heild	Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki	Hjód opinbera	Heimili og sjálfseignarstofna nir sem þjóna heimilum (NPISH)	Aðrir heimshlutar	Þjódarbúskapur í heild	Ótiltekið hlutfall þjódarbúskapar í heild	Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki	Hjód opinbera	Heimili og sjálfseignarstofna nir sem þjóna heimilum (NPISH)	Aðrir heimshlutar
D.4	Eignatekjur	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.41	Vextir	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.4N	Eignatekjur aðrar en vextir	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.42	Úthlutaðar tekjur fyrirtækja	X		X	X		X	X	X		X	X	X	X	X
D.43	Endurfjárfestur hagnaður af beinum fjárfestingum erlendis. (FDI)	X		X			X	X	X		X	X	X	X	X
D.44	Eignatekjur sem renna til tryggingartaka	X		X				X	X		X	X	X	X	X
D.45	Leiga	X		X				X	X		X	X	X	X	X
D.5	Skattar ársins á tekjur, eignir o.s.frv.	X		X	X	X			X			X			X
D.6	Framlag til félagslegra kerfa og félagslegar bætur	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.61	Framlag til félagslegra kerfa	X					X	X	X		X	X	X	X	X
D.62	Félagslegar bætur aðrar en félagslegar greiðslur í fríðu	X		X	X	X	X	X	X				X		X
D.63	Félagslegar greiðslur í fríðu	X				X	X		X				X		
D.7	Aðrar rekstrartilfærslur	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.71	Nettó skaðatryggingariðgjöld	X		X	X	X	X	X	X			X	X		X
D.72	Skaðatryggingarkrafa	X			X			X	X		X	X	X	X	X
D.7N	Aðrar rekstrartilfærslur ót. a.	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.8	Leiðrétting vegna breytinga á hreinu eigin fé heimila, í lífeyrisvarasjóði	X		X	X	X	X	X	X					X	X
D.9	Fjármagnstilfærslur	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
D.10	Fjármagnsskattar	X		X	X		X	X	X			X			
D.9N	Fjárfestingarstyrkir og aðrar fjármagnstilfærslur	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
K.1	Fjármunanotkun	X		X	X	X	X		X		X	X	X	X	
K.2	Öflun að frádregnum ráðstöfunum á ófjárhagslegum eignum sem ekki eru framleiddar	X		X	X	X	X	X							

		Stöðuliðir						
		S1	S1N	S11	S12	S13	S14_S15	S2
		Þjódarbúskapurinn í heild	Óúttekið hlutfall þjódarbúskapsins í heild	Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki	Hjód opinbera	Heimili og sjálfseignarstofnir sem þjóna heimilum (NPISH)	Aðrir heimshlutar
B.1G	Vergt vinnsluvirði	X	X	X	X	X	X	
B.1N	Hreint vinnsluvirði	X	X	X	X	X	X	
B.2G	Rekstrarafgangur (vergar)	X		X	X	X	X	
B.3G	Einyrkjatekjur (vergar)	X					X	
B.4G	Tekjur af atvinnurekstri (vergar)	X		X	X		X	
B.5G	Jöfnuður á frumtekjum (vergum)	X		X	X	X	X	
B.6G	Ráðstöfunartekjur (vergar)	X		X	X	X	X	
B.7G	Leiðréttar ráðstöfunartekjur (vergar)	X				X	X	
B.8G	Sparnaður (brúttó)	X		X	X	X	X	
B.9	Hrein lánveiting/hrein lántaka	X		X	X	X	X	X
B.11	Erlend staða á vörum og þjónustu							X
B.12	Núverandi erlend staða							X